

SKÓLA- NÁMSKRÁ

Leikskólinn Hraunborg

2025



Reykjavík

LEIKSKÓLINN HRAUNBORG

Hraunberg 10
111 Reykjavík
411 9770

hraunborg@reykjavik.is



Reykjavík júní 2020

Yfirfarið maí 2025

Útgefandi: Leikskólinn Hraunborg, Hraunbergi 10, 111 Reykjavík, Sími: 411-9770

Netfang: hraunborg@reykjavik.is

Leikskólastjóri: Sigríður Fanney Pálsdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri: Júlía Sigurðardóttir

Höfundar: Starfsmenn leikskólans Hraunborgar

Textavinnsla: Sigríður Fanney Pálsdóttir, Júlía Sigurðardóttir, Katarína Gnip, Jóna Björg
Karlsdóttir og Persida Guðný Þorgrímsdóttir Kojic

Myndir: börn leikskólans Hraunborgar

Uppsetning: Katarína Gnip

Ábyrgðaraðili: Sigríður Fanney Pálsdóttir



Efnisyfirlit

1	Formáli	5
2	Inngangur	6
3	Leikskólinn	7
3.1	Hlutverk kennara og starfsfólks í leik	7
3.2	Hlutverk leikskólastjóra	8
3.3	Starfsmannastefna Hraunborgar	9
4	Einkunnarorð	10
5	Hugmyndafræði	11
6	Leikur	14
6.1	Birtingarmyndir leiks – leikform	14
7	Grunnþættir menntunar og námssviðin	16
7.1	Læsi	16
7.2	Sjálfbærni og vísindi	18
7.2.1	Sjálfbærni í leikskólastarfinu	18
7.3	Heilbrigði og vellíðan	19
7.3.1	Hreyfing	19
7.3.2	Vellíðan	20
7.4	Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti	20
7.5	Sköpun og menning	22
7.5.1	Sköpun	23
7.5.2	Menning	23
7.6	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	24
8	Námsumhverfi og daglegt starf	26
8.1	Hópastarf	26
8.2	Samverustund/söngstund	26
8.3	Kennarinn	27
8.4	Samstarf við nærumhverfið og opinberar stofnanir	27
9	Fjölskyldan og leikskólinn	29
9.1	Foreldraráð	30
9.2	Foreldrafélag	30
		30
10	Tengsl skólastiga	31




11	Sérfræðipjónusta	31
12	Mat á leikskólastarfi, námi og velferð barna	32
12.1	Ytra mat	32
12.2	Innra mat/ sjálfsmat	32
12.2.1	Langtímaáætlun um innra mat	33
12.2.2	Mat á námi og velferð barna	35
13	Lokaorð	37
14	Helstu stuðningsritin við gerð skólanámskrár Hraunborgar	38



1 Formáli

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Leikskólinn annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri í samræmi við lög. Sveitarfélög skulu tryggja að þjónusta leikskóla sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna. (Lög um leikskóla frá 2023, 1. og 2. gr.). Stuðla á að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskólans skulu mótað af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleidd íslenskrar menningar.



Stefnan sem birtist í aðalnámskrá leikskóla er reist á sex grunnþáttum menntunar, það er tilraun til að kortleggja þau megin svið almennrar menntunar sem skólastarf stefnir að. Þessir grunnþættir eru; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun (Aðalnámskrá leikskóla 2011, 14).

Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla eru:

- að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra
- að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku
- að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar
- að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra
- að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun
- að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta (Aðalnámskrá leikskóla, 2011, 30).




2 Inngangur

Aðalnámskrá leikskóla byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og er rammi um leikskólastarfið og leiðsögn um tilgang þess og markmið. Námskráin birtir heildarsýn um menntun og veitir upplýsingar um tilgang og starfsemi skóla. Aðalnámskrá á að tryggja leikskólabörnum góðar aðstæður til náms í samræmi við gildandi lög og menntastefnu. Hún er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á grundvelli hennar á hver leikskóli að gera sína eigin skólanámskrá. Markmiðið með því, er að skipuleggja uppeldi og nám barna, stuðla að skilvirkara starfi og gera leikskólastarfið sýnilegt, sem og menntun leikskólabarnanna.

Námskrá hvers leikskóla er byggð á aðalnámskrá leikskóla og er í senn stefnumótandi leiðarvísir fyrir starfsmenn og kynning og fræðslurit fyrir foreldra og þá sem láta sig leikskólamál varða. Skólanámskrá Hraunborgar var unnin undir forystu leikskólastjóra á vinnufundum kennara, börnin teiknuðu myndir í námskrána og í samstarfi við foreldraráð á fundum vegna starfsáætlunar hvers árs. Við gerð hennar var lögð áhersla á að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Einnig nýttum við okkur handbókina um leikinn ásamt stefnum Reykjavíkurborgar t.d. Læsisstefnuna [“Læsið í leik”](#) og Menntastefnu

„[Látum draumana rætast](#)“ sem leggja grunn að starfi leikskólans í leik og námi barnanna varðandi félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Sérstaða og aðal áhersla í öllu starfi Hraunborgar í mörg ár hefur verið málörvun eins og talað var um fyrstu árin en er í dag læsi í viðum skilningi. Við teljum að með markvissri vinnu og fjölbreyttum aðferðum þar sem lögð er áhersla á að efla mál og læsi allra barna stuðlum við að því að jafna tækifæri þeirra til að ná árangri í námi og lífinu öllu. Þessi námskrá er þriðja heildarendurskoðunin á skólanámskrá Hraunborgar sem gefin var út 2008.



Auk námskrár gefur leikskólinn út Foreldrahandbók og starfsmannahandbók en þar koma fram hagnýtar upplýsingar til foreldra og starfsmanna um starfsemi leikskólans. Til að fá heildarmynd af leikskólastarfinu er fólk hvatt til að kynna sér bæði ritin samhliða.



3 Leikskólinn

Leikskólinn Hraunborg er einn af leikskólum Reykjavíkurborgar. Hann tók til starfa 12.nóvember 1984. Arkitektar hússins eru Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson. Stærð hússins er 550 m² samtals og aðaleinkenni byggingarinnar er að húsin voru tvö á sömu lóð sem sameinuð voru með tengibyggingu árið 2007.

Nafn leikskólans er sótt til staðsetningar hans en hann stendur við Hraunberg 10 í jaðri Elliðaárdals. Stutt er í skemmtilegar gönguleiðir og opin náttúrusvæði. Nöfn svæða og deilda í Hraunborg hafa tekið breytingum í áranna rás. Á fyrstu árum hans í rekstri voru í stærra húsinu tvær dagheimilisdeildir sem hétu Austri og Vestri. Sautján börn á aldrinum eins til fimm ára voru þá á hvorri deild. Nú heita þessar deildir Lóuland og Spóaland. Á Spóalandi dvelja að jafnaði 2ja til 4ra ára börn. Á Lóulandi dvelja börn á aldrinum 4ra til 6 ára. Í minna húsinu var rekinn leikskóli. Þar voru á fyrstu starfsárunum tuttugu börn hvorn dagpart, á aldrinum tveggja til fimm ára fyrir hádegi en þriggja til fimm ára eftir hádegi. Þessi deild var alltaf kölluð Leikskóli en heitir nú Þrastaland og þar dvelja yngstu börnin. Nýju nöfn deildanna vísa til götunafna í nánasta umhverfi leikskólans sem margar hverjar bera fuglanöfn.

Í Hraunborg geta samtímis dvalið sextíu og fimm börn á aldrinum eins til sex ára. Skólastarfið hefst kl. 07:30 og lýkur kl. 16:30. Boðið er upp á 42,5 klukkustunda vistun á viku.

3.1 Hlutverk kennara og starfsfólks í leik

Ábyrgð starfsfólks Hraunborgar er að skapa sérhverju barni tækifæri og bestu mögulegu aðstæður til náms í leik þar sem barnið stjórnar framgangi leiksins.





Kennarar og starfsfólk skulu:



3.2 Hlutverk leikskólastjóra

Leikskólastjóri er fag- og rekstrarlegur leiðtogi sem ber að vera í forystu um þróun metnaðarfulls leikskólastarfs. Hlutverk hans er að leiða lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans og sjá til þess að starfsfólk leikskólans hafi tækifæri til að efla þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Leikskólastjóra ber að sjá til þess að farið sé eftir aðalnámskrá, lögum og reglugerðum og stefnumálum sveitarfélagsins. Leikskólastjóra ber að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að leiðarljósi. Aðalnámskrá leikskóla, 2011.

Stjórnendur Hraunborgar hvetja starfsfólk til að sýna frumkvæði og vera óhrætt við að koma með hugmyndir. Einnig er lögð áhersla á að allir starfsmenn vinni eftir þeim stefnum og straumum sem hafa verið ákveðin í sameiningu, hvort sem er með öllum starfshópnum eða í stjórnendateyminu.



3.3 Starfsmannastefna Hraunborgar

Starfsmannastefna Hraunborgar grundvallast á starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Hún leggur grunn að jákvæðu og lærdómsríku starfsumhverfi þar sem virðing fyrir hverjum einstaklingi er í fyrirrúmi. Hún lýsir vilja Hraunborgar til að vera góður vinnustaður þar sem gott starf er unnið af áhugasömu, samstilltu og ábyrgu fólki. Áhersla er lögð á að starfsfólk njóti sín í starfi og eigi möguleika á að auka þekkingu sína og færni.


Í leikskólanum eru gerðar miklar kröfur til starfsmanna enda er það grundvallaratriði til að skólastarfið skili tilætluðum árangri að starfsmenn séu samstíga og trúir þeim áherslum sem unnið er eftir. Lögð er áhersla á uppeldislega ábyrgð starfsfólks en í henni felst meðal annars:

- að starfsfólk hafi gaman af að starfa með börnum og finni lífsgleðina með þeim
- að starfsfólk leggi sig fram við að nota auðugt, fjölbreytt og gott mál við börnin
- að starfsfólk nýti leik barna sem kennslutæki
- að starfsfólk einskorði sig ekki við eina deild
- að starfsfólk sé tilbúið til að vinna markvisst að þeim markmiðum sem sett eru
- að starfsfólk beri virðingu fyrir samstarfsmönnum, börnum og foreldrum
- að starfsfólk sýni samstarfsmönnum, börnum og foreldrum umhyggju og hlýju



4 Einkunnarorð

Einkunnarorð Hraunborgar *leikur, læsi og lífsgleði* voru valin af starfshópi leikskólans sem leiðarljós og sem hluti af hugmyndafræði leikskólans.



Við leggjum mikla áherslu á einkunnarorðin okkar í öllu starfi. Þau eru rauði þráðurinn í gegnum daginn. Í Hraunborg er litið á fjölbreytileika sem sjálfsagðan hlut og lögð er áhersla á inngilding (e. Inclusion). Inngilding felur í sér að viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum. Við leggjum áherslu á að virkja allt fólk til þátttöku og gefa fjölbreyttum hópi fólks kleift að taka þátt í ákvarðanatöku. Við leggjum áherslu á að börnin læri í gegnum leik, upplifi sig sem hluta af hópnum, efla læsi í víðum skilningi og að það sé gaman í leikskólanum.




5 Hugmyndafræði

Hugmyndafræði Hraunborgar byggir á lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og ýmsum stefnum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur t.d. Menntastefnu til 2030 og læsisstefnu leikskóla [Lesið í leik](#). Við störfum í anda heildtækrar skólustefnu með því að koma til móts við þarfir einstaklingsins og gefa honum tækifæri til að vaxa og dafna á jafningjagrundvelli.

Einnig tökum við mið af kenningum bandaríska heimspekingsins og sálfræðingsins John Dewey (1859-1952), hann lagði áherslu á samvinnu og að vinna í félagslegri heild, því það þroskaði sjálfsvitund og skilning barns. Fyrir Dewey var megin grundvöllur þekkingar og náms fyrst og fremst reynsla einstaklingsins og gagnvirk samskipti hans við umhverfið. Þekking og skilningur skapast þegar börn læra með því að framkvæma í ákveðnu samspili við umhverfið í raunverulegu samhengi. Þetta kallaði Dewey nám í verki - „learning by doing“. Menntun er því það sem barnið upplifir, hér og nú. Ef hugmyndir Dewey eru yfirfærðar á leikskóla má segja að börn eigi að vera þátttakendur í að móta eigin veröld. Rödd þeirra á að heyrast og þau eiga að fá að upplifa að á þau sé hlustað. Hlutverk kennarans, samkvæmt Dewey, er því að leiða börnin áfram í þekkingarleit sinni og spyrja opinna spurninga þannig að börnin tengi reynslu sína við nýja uppgötvun, í stað þess að fá tilbúna lausnir.

Efniviður sem skólar bjóða börnum upp á taldi Dewey að ætti að tengjast umhverfi þeirra, hafa þýðingu fyrir þarfir, væntingar, áhugamál og hugsanir barnsins. Dewey sá skólann fyrir sér sem smækkaða mynd af samfélaginu. Í skólasamfélagi væri lýðræði haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfi saman og hver um sig leggi sitt af mörkum, þar sem nemendum væri ætlað að vinna saman að viðfangsefnum sem hæfðu þroska þeirra og getu. Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að sjálfþróun og sjálfshjálpar barnanna. Dewey taldi að fólk menntaðist með því að vinna saman og nauðsynlegt sé að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Dewey áleit að menntun væri það sem hver og einn upplifir hér og nú. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að taka þátt í og starfa í samfélaginu núna og í framtíðinni. Dewey taldi að mannsiðir, góð hegðun sem og kurteisi og siðprýði, virðing fyrir ólíkum siðum og hefðum þjóða og heimila, aðlögun og tillitssemi væru mikilvægir þættir í samskiptum fólks.



Í Hraunborg leggjum við áherslu á sjálfsþróttinn leik barna. Í leiknum fá þau tækifæri til að vera með öðrum börnum og vera þátttakendur í mótun menningar leiksins. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Þau læra í gegnum reynslu, þar sem þau fá tækifæri til að skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir, reynslu og tilfinningar sínar og þróa með sér félagsleg tengsl við önnur börn. Unnið er með sjálfsefningu, lífsleikni, samskipti og skilning á þörfum einstaklinganna innan leikskólans, þannig að samfella myndist í reynslu þeirra og menntun. Starfsfólk mætir börnunum á jafningjagrundvelli. Starfsmenn eru til staðar fyrir börnin, fylgjast með þeim og taka þátt í leik þeirra ef við á. Hlutverk þeirra er að styðja og styrkja börnin í að taka sjálfstæðar ákvarðanir, skilja sjónarmið annarra og hvetja þau til sjálfshjálpar auk þess að styðja börnin í að leysa deilur og ágreiningsmál á friðsamlegan hátt (Menntastefna Látum draumana rætast, Aðalnámskrá 2011).

Haustið 2019 hófst innleiðing á stefnu sem byggð er á sjálfsstjórnarkenningum eftir Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl. en þessi stefna er nefnd Jákvæður agi (positive discipline).



Jákvæður agi kennir félagsfærni og lífsleikni. Meginreglur Jákvæðs aga hjálpa til við að byggja samband væntumþykju og virðingar og þær auðveldar að finna lausnir til frambúðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Börn verða ábyrgðarfull ef þau fá tækifæri til að þroska félagsfærni sína í gegnum lífsleikni í andrúmslofti virðingar, góðvildar og festu. Jákvæður agi byggir á því að börn þroski og efli með sér færni í að finna lausnir og setja sér mörk í samvinnu við fullorðna.

Grunnhugtök jákvæðs aga

Góðvild er að sýna væntumþykju og hlýju í verki en ekki að skamma, niðurlægja eða lesa yfir öðrum.

Virðing endurspeglar í þeirri kurteisi sem fólk sýnir hvert öðru, hvernig það talar við aðra og um það og hvernig það fer með eigur annarra. Tal og framkoma sem einkennist af virðingu veitir fólki þá reisn sem því ber.

Festa felst í því að standa við það sem sagt er og sjá til þess að fyrir fram ákveðnum verkefnum verði lokið.

Heildarmynd Jákvæðs aga





Grunnþarfir

Að tilheyrast/skipta máli og vera einhvers virði. Mikilvægt er fyrir börnin að vita að þau séu viðurkennd fyrir það hver þau eru í stað þess að einblínt sé á hvað þau geta eða hvernig þau hegða sér.

Skilningur á eigin getu eða hæfileikum. Börn átta sig á eigin getu og hæfileikum þegar þau fá tækifæri til að spreyta sig sjálf og æfa ákveðna færni eða getu. Þegar þau upplifa hvað þau ráða við eykur það skilning þeirra á eigin getu og hæfileikum.

Félagsfærni og lífsleikni. Börn þurfa kennslu í samskiptum og félagsfærni auk kennslu í lífsleikni. Með kennslu og æfingu öðlast þau færni. Vandamál leysast á mun auðveldari hátt þegar börnin taka þátt í lausnaleit.

Eigið vald og sjálfstæði. Þegar börn fá tækifæri til að leita lausna, læra lífsleikni, sýna virðingu og vinna með öðrum upplifa þau eigið vald og sjálfstæði.



6 Leikur

Leikur er þýðingarmikill þáttur í leikskólastarfi. Í aðalnámskrá leikskóla (2011, 2023) kemur fram að leikur sé meginnámsleið ungra barna, lífstjáning þeirra og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í Hraunborg tölum við um sjálfsprottinn leik barnanna þó hann sé alltaf bundinn við leiksvæði, efnivið, reglur, tíma og viðhorf starfsfólks. Við leggjum áherslu á að leikur barnanna sé sjálfsprottinn sem þýðir að börnin hafi frumkvæði að leiknum en sé ekki stýrt af fullorðnum. Börnin leiða leikinn, ákveða sjálf að leika, hvar og hvenær leikurinn fer fram og um hvað leikurinn snýst. Þau semja reglur leiksins, skipuleggja upphaf, framvindu og lok leiksins. Með þessu ráða börnin ferðinni og geta byggt ferlið á áhuga sínum og styrkleikum. Við lítum á þessa tegund leiks sem ferli fremur en afurð. Upphaf og lok ferlisins geta verið óljós og það er leikurinn sjálfur sem skiptir mestu máli fyrir börnin.

Leikur er helsta náms- og þroskaleið barna auk þess sem hann er mikilvægur fyrir félags- og tilfinningalega vellíðan þeirra (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Storli og Sandseter, 2019). Börn sýna mikla sjálfstjórn og vellíðan í leik. Í leik taka þau ákvarðanir og leysa vandamál, byggja upp sjálfstraust og fjölbreytta hæfni sem ekki er hægt að kenna á annan hátt (McDonald, 2022). Börn þróa með sér seiglu í gegnum leikinn því í leiknum má taka áhættu, það má mistakast og það má alltaf reyna aftur. Seigla er mikilvæg fyrir nám barna og daglegt líf vegna þess að hún getur hjálpað þeim að takast á við breytingar, kvíða og streitu. Mikilvægt er að börnin fái mörg tækifæri til þess að leika sér og eiga í samskiptum því þá eru þau líklegri til þess að geta leyst vandamál sem upp koma í daglegu lífi þeirra (Kingdon og Gasper, 2020).

Leikur er þýðingarmikill fyrir fullgildi barna í leikskólanum. Fullgildi vísar til félagslegra samskipta barna, þátttöku þeirra og þess að tilheyra leikskólasamfélaginu (Jóhanna Einarsdóttir og Sara M. Ólafsdóttir, 2020).

Í Aðalnámskrá leikskóla (2023) er lögð megináhersla á sjálfsprottinn leik barna. Í gegnum leik þróa börn meðal annars með sér félagslega færni, gagnrýna og skapandi hugsun, skapa þekkingu, æfa fjölbreytt hlutverk og þær athafnir sem fylgja hverju hlutverki. Leikur er félagsleg athöfn þar sem börn læra bæði með jafningjum og sér hæfari einstaklingum. Börn hafa ólíka reynslu og þekkingu sem þau leggja til í leik sínum, auk þess sem þau vinna úr reynslu sinni og skapa nýja þekkingu.

6.1 Birtingarmyndir leiks – leikform

Það þarf að huga að ýmsu svo hægt sé að skilgreina athafnir barna sem leik og oft er erfitt að greina á milli leiks og annarra athafna. Leikur barna er oft flokkaður eftir mismunandi einkennum og birtingarmyndum, svo sem:





Hreyfi- og ærslaleikir

Þetta leikform er mikilvægt en er oft vanmetið. Í hreyfi- og ærslaleikjum nota börn líkama sinn: þau hlaupa, detta, elta og hnoðast. Auk þess fylgja leikjunum hljóð, gleði, látbragð og þau læra að setja mörk og setja sig spor

Hreyfi- og ærslaleikir fá gott rými í Hraunborg og eru stór partur af daglegum leik barnanna. Hann getur farið fram í öllum aðstæðum en er þó mest áberandi í útiveru og í Hreyfibergi (salnum).

Hlutverkaleikir

Hlutverkaleikir eru eitt flóknasta leikformið en jafnframt það mikilvægasta fyrir þroska barna, nám þeirra og vellíðan. Eins og orðið gefur til kynna taka börn sér hlutverk, skapa ímyndaðar aðstæður og búa sér til leikreglur sem þau leggja áherslu á að fylgja (Bodrova, 2018).

Í Hraunborg er til nægur efniviður til að vera í hlutverkaleik en oft láta börnin ímyndunaraflið ráða og þurfa engin leikföng.

Byggingaleikir

Í byggingaleikjum er notaður efniviður til bygginga, þar á meðal hinar ýmsu tegundir af kubbum. Kubbar flokkast yfirleitt undir opinn efnivið, sem þýðir að börn geti nýtt hann á skapandi hátt og byggt upp leikumhverfi (Elva Önundardóttir, 2009).

Hér í Hraunborg eigum við ýmsar tegundir af kubbum svo sem einingakubba, legokubba, holukubba, kaplakubba, smellukubba og segulkubba. Þegar börn byggja úr kubbum eiga þau í samskiptum, finna lausnir, semja og nota ýmis vísindaleg hugtök.

Grunnpættir menntunar eru þeir þættir sem eiga að varða leiðina að innihaldsríku leikskólastarfi og eiga að birtast í skólabrag, gildum og viðhorfum. Þessir grunnpættir eiga að endurspeglast í öllu námi sem fram fer í leikskólanum og fléttast inn í daglegt starf.

Í leik nota börn skapandi og gagnrýna hugsun, þau leysa vandamál, tjá sig með fjölbreyttum hætti og efla félagslega færni sína. Við í Hraunborg leggjum mikla áherslu á lestur fyrir börnin, orðaforða og ritmál á fjölbreyttan hátt. Með lestri á góðri bók öðlast börnin sameiginlega reynslu sem þau geta nýtt sér í leik.

16



á deildinni þeirra og samskipti og líðan allra í hópnum. Teknar eru lýðræðislegar ákvarðanir um hvernig starfið og samskiptin eiga að vera.

Gerðar eru skimanir til að meta málþroska allra barna og fylgjast með framförum þeirra t.d. TRAS sem er skráning á málþroska 2ja til 5 ára barna, EFI-2 sem er málþroskaskimun sem lögð er fyrir 3 – 4 ára börn. EFI-2 kannar málskilning, tjáningu og hjálpar leikskólakennurunum að finna börn með hugsanlega málörðugleika sem hægt er að bæta með snemmtækri íhlutun (Elmar Þórðarson, Friðrik Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir, 2012). Hljóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málmeðvitund barna í elsta árgangi leikskólans í því skyni að greina þau börn sem eru í áhættu fyrir síðari lestrarerfiðleika (Menntamálastofnun, 2018). Hljóm-2 er lagt fyrir öll 5 ára börn að hausti og aftur að vori ef ástæða er til.

Misjafnt er hvenær börn ná tökum á öflugum orðaforða og góðum tjáskiptum, fyrir þau eru myndaðir litlir málörvunarhópar eftir aldri og getu barnanna þar sem unnið er með alhliða málörvun. Til dæmis má nefna almenna þekkingu, hugtakaskilning, talnaskilning og tjáningu.

Markmið:	Leiðir:
▪ að auka orðaforða og hugtakaskilning ▪ að auka tjáskipti og almennan málskilning ▪ að tryggja að öll börn í leikskólanum hafi möguleika á tjáskiptum ▪ að börnin öðlist skilning á að ritað mál og tákn hafi merkingu ▪ að börnin séu virkir þátttakendur í samfélaginu og kunni að taka lýðræðislegar ákvarðanir ▪ að börnin verði læs á tilfinningar og samskipti og geti tjáð skoðanir sínar ▪ að börnin læri að lesa í umhverfi sitt og menningu ▪ að börnin kynnist notkun ólíkra miðla í leik og námi	▪ að setja orð á allt ▪ að lesa bækur ▪ að eiga samtöl við börnin ▪ að nýta PECS (myndræn samskiptaleið) og sjónrænt dagskipulag ▪ að spyrja opinna spurninga ▪ að hlusta á börnin og svara þeim ▪ að halda barnafundi í anda Jákvæðs aga ▪ að efla tjáningu barnanna ▪ að æfa hlustun ▪ að æfa ritmál ▪ að æfa tölulæsi ▪ að hafa lestrarátak tvisvar á ári (Lubbafjall) ▪ að eiga samstarf við Borgarbókasafnið og Tónskóla Sigursveins ▪ að kynnast nærumhverfi okkar ▪ að nota spjaldtölvur og tölvu

Þegar börnin hætta í leikskólanum viljum við að þau hafi hæfileika til að lesa í umhverfi sitt og eigi auðvelt með að eiga samskipti við annað fólk og kunni að koma fram við aðra af virðingu. Að þau geti tjáð tilfinningar sínar, sett sig í spor annarra og sýnt umhyggju. Einnig leggjum við mikla áherslu á að efla orðaforða þeirra og hljóðkerfisvitund. Markmiðið er að þegar þau ljúka




leikskólagöngu sinni þá kunni þau vel flest málhljóðin sem eru í íslenska stafrófinu og hafi góðan fjölbreyttan orðaforða.

7.2 Sjálfbærni og vísindi

Algengasti skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbær þróun felur í sér að við skilum umhverfinu til afkomendanna í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því og við leitumst við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta

að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í leikskólastarfi má leggja áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri. **Umhverfið** og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Þannig þurfa börnin að þekkja, skilja og virða náttúruna. Í **samfélagslegu** tilliti snýst hugmyndafræðin um jöfnuð innan kynslóðar og á milli kynslóða. Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í sjálfbærnimenntun felst að börn takist í námi sínu á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).



7.2.1 Sjálfbærni í leikskólastarfinu

Eitt af hlutverkum leikskóla er að skapa tækifæri fyrir börnin til að kanna, reyna og skilja umhverfi sitt. Umhverfi Hraunborgar er ríkt af fjölbreyttri náttúru og því mörg tækifæri sem skapast til að öðlast reynslu og upplifun. Börnunum gefast tækifæri til að kanna nærumhverfið, rannsaka, snerta, bera saman, hlusta og horfa. Börn læra í gagnvirkum samskiptum við umhverfið sitt. Líkt og uppeldisfræðingurinn Dewey sagði, „læra börn með því að framkvæma“. Þessi orð lýsa vel hugsun okkar og vilja til að veita börnunum tækifæri til að öðlast reynslu því af reynslu sprettur virkni og í virkni felst bæði athöfn og afleiðing. Mikilvægur þáttur er einnig að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfinu og læra að þykja vænt um það, því það sem manni þykir vænt um verndar maður og sýnir virðingu. Við leggjum einnig áherslu á endurnýtingu og mikilvægi þess að flokka, ganga vel um og þannig stuðla að sjálfbærri þróun og vistspori nærsamfélagsins.

Markmið:	Leiðir:
▪ að barnið þekki og virði náttúruna ▪ að barnið þekki sitt nánasta umhverfi og fjölbreytileika þess ▪ að barnið kynnist endurvinnslu og endurnýtingu	▪ göngu- og vettvangsferðir eru nýttar til að kynnast umhverfinu ▪ náttúrulegur efniviður er notaður í skapandi starfi ▪ dagleg útivist í fjölbreyttu umhverfi og veðráttu




- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">▪ að efla vísindalega og heimspekilega hugsun▪ að börn kynnist veðrinu á öllum árstímum | <ul style="list-style-type: none">▪ farið er eftir reglum um umgengni innan og utan leikskólalóðar▪ umræður um veðurfar og árstíðir▪ rannsóknir á lífríkinu, s.s. skordýrum og jurtum |
|--|---|

7.3 Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Allt leikskólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn stórum hluta dagsins í leikskóla. Helstu þættir heilbrigðis sem leggja þarf áherslu á eru; jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, ögrandi og krefjandi útivist, næring, slökun og hvíld, andleg vellíðan, jákvæð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilningur á eigin tilfinningum og annarra (Aðalnámskrá leikskóla 2011, Menntastefna Reykjavíkur „Látum draumana rætast“).

Í Hraunborg leggjum við áherslu á að mynda nán tengsl við börnin svo að þau upplifi öryggi, traust og að þau finni að þörfum þeirra sé sinnt af alúð. Við hvetjum börnin til sjálfshjálpar, þau læra um hollt mataræði, mikilvægi hreinlætis, gildi hreyfingar og fá tækifæri til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Góð hreyfigeta og vellíðan barna styður við sjálfsmynd þeirra og eflir sjálfstæði þeirra í daglegum athöfnum.



7.3.1 Hreyfing

Hreyfing er börnum mikilvæg og hún eykur vellíðan þeirra, gleði, snerpu og þol og styður við líkamlegan og andlegan þroska þeirra. Um leið styrkist líkamsvitund og eykur getu barnsins til fjölbreyttra athafna sem efla sjálfstraustið. Með hreyfingu lærir barnið að þekkja sjálft sig og skynja rými. Öll börnin í Hraunborg fá skipulagða hreyfistund einu sinn í viku í sal leikskólans. Í útivist fá börn útrás fyrir ærslafulla leiki og möguleika á hreyfingu sem krefjast meira rýmis. Í skipulögðum hreyfistundum er lögð áhersla á að vinna með samhæfingu hreyfinga, jafnvægi, úthald og styrk og að fara eftir fyrirmælum

Markmið:	Leiðir:
▪ að barnið njóti þeirrar gleði sem hreyfingin veitir ▪ að styrkja úthald, snerpu og þol ▪ að auka samhæfingu ▪ að efla sjálfsmynd og sjálfstraust ▪ að þjálfra gróf- og fínhreyfingar ▪ að efla líkamsvitund og alhliða þroska ▪ að læra að virða leikreglur	▪ skipulagðar hreyfistundir ▪ útivera/vettvangsferðir ▪ nýta fjölbreytileika útileiksvæðisins ▪ börnin markvisst frædd um veðurfar, náttúruna og nánasta umhverfi er skoðað ▪ íþróttavika eina viku á sumri. ▪ valstundir



- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none">▪ að fara eftir fyrirmælum og meta aðstæður | <ul style="list-style-type: none">▪ frjáls leikur▪ sköpun |
|---|--|

7.3.2 Vellíðan

Daglegar venjur í leikskóla markast af föstum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barna, vellíðan og heilsu. Í dagskipulaginu ríkir jafnvægi milli mismunandi þátta; frjálsra og skipulagðra leikja, inni- og útileikja, félagslegra samskipta og einstaklings verkefna.

Hvíldartími leikskólans er að loknum hádegisverði. Við viljum að öll börn eigi rólega stund. Á tveimur yngstu deildunum þá leggjast öll börnin og hvíla sig. Á elstu deildinni þá geta börnin valið hvort þau leggjast eða sitji við borð og vinna róleg verkefni. Yngri börnin fá tækifæri til að sofna og er þannig stuðlað að því að viðhalda heilbrigðum svefnvenjum og huga að bæði andlegu og líkamlegu heilbrigði þeirri og vellíðan (Menntastefna Reykjavíkur „Látum draumana rætast“).

Markmið:	Leiðir:
▪ að barni líði vel ▪ að börn fræðist um holla næringu ▪ að börn læri persónulega umhirðu ▪ að efla félagsþroska og samkennd	▪ móttaka og brottför barns ▪ að klæða sig úr og í ▪ ánægjulegir matmálstímar ▪ svefn og hvíld ▪ hreinlæti ▪ samverustundir ▪ frágangur og snyrtimennska ▪ frjáls leikur ▪ barnafundir í anda Jákvæðs aga

7.4 Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti



Leikskólinn er samfélag í mótun sem samanstendur af börnum, foreldrum og starfsfólki. Allir þurfa að finna til samábyrgðar gagnvart sjálfum sér og öðrum. Börnin þurfa að vera virkir þátttakendur til að þroskast og njóta sín á eigin forsendum. Í leikskólanum felst lýðræðið m.a. í að hlusta með opnum huga og grípa tækifæri þegar hugmyndir koma frá börnunum. Með því kynnumst við börnunum og berum virðingu fyrir hugmyndum þeirra og leik.

Allir eiga að hafa sama rétt og sömu tækifæri til náms. Leikskólanum ber að skipuleggja skólastarfið þannig að þörfum barnanna sé mætt í samstarfi við foreldra og rekstraraðila. Við þurfum að sýna lýðræði, jöfnuð og mannréttindi í verki þannig að allir njóti virðingar fá að hafa áhrif á eigið líf, taki þátt í ákvörðunum og séu metnir af verðleikum sem einstaklingar sem tilheyra hópi.



Við í Hraunborg viljum:

- að skólabragur leikskólans einkennist af umhyggju og nærgætni, þannig verða góð tengsl milli barna, starfsmanna og foreldra
- að börn og starfsfólk hlakki til að koma í leikskólann og fái að njóta sín á eigin forsendum
- að börn og starfsmenn sýni öðrum áhuga, samkennd og leggja sig fram við að brosa, hrósa og vera glaðir
- að allir starfsmenn hjálpist að með öll börn og taki virkan þátt í starfi leikskólans
- að áhersla sé lögð á virðingu og vináttu og unnið sé að því að barnið læri að taka tillit til annarra, hlusta á aðra og skiptast á skoðunum við aðra
- að barninu sé hjálpað að leysa úr ágreiningi án valdbeitingar og kennt að virða reglur
- að unnið sé með fáar einfaldar og skýrar reglur
- að starfsmenn og börn sýni hvert öðru nærgætni og umhyggju og gæti orða sinna og að allir finni að þeir skipta máli

Mikilvægt er að taka athugasemdum og ábendingum á jákvæðan hátt og læra af mistökunum. Í byrjun og lok dags leggjum við áherslu á að heilsa og kveðja. Í Hraunborg er lögð áhersla á samskipti við foreldra. Foreldrar eru hvattir til að hafa virk netföng í Völunni þannig að allar upplýsingar, fundarboð og viðhorfskannanir berist til foreldra. Foreldrar eru hvattir til að gefa kost á sér í foreldrafélagið og foreldraráðið. Foreldrar eru hvattir til að mæta í foreldraviðtöl.

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Í Hraunborg er nemendum búin jöfn skilyrði til náms. Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar, snemmtæka íhlutun, einstaklingsmiðað nám, lífsleikni og samstarf heimilis og leikskóla. Allir eiga sama tilverurétt, sama hverjir þeir eru eða hvaðan þeir koma.

Í daglegu starfi er lögð áhersla á að börn beri virðingu fyrir öðrum, þrói með sér tillitssemi, samkennd, umburðarlyndi og vináttu. Mannréttindi og jafnrétti fléttast inn í daglegar venjur leikskólans þar sem börnin velja sjálf viðfangsefni sín, fá tækifæri til að læra hvert af öðru, leysa úr ágreiningi sem upp kemur, hjálpast að og próa leik sinn.

Við í leikskólanum Hraunborg vinnum eftir námsefninu Leikskólakistan sem er verkfærakista fyrir leikskólakennara og annað starfsfólk til að efla og bæta einstaklinga og/eða



hópa. Unnið er með félagsfærni, vináttufærni, jákvæða og neikvæða leiðtoga og börn sem eiga í félagslegum vanda. Einnig er unnið með aðferðir til að vinna gegn samskiptavanda og einelti, sem og jákvæðan aga. Lögð er áhersla á aðferðir sem hafa þann tilgang að styrkja einstaklinginn og/eða hópinn, eins og hægt er miðað við aldur.

Með þessari vinnu eru leikskólakennarar og annað starfsfólk að styrkja jákvæðan anda í hópnum og efla þannig forvarnir gegn einelti, samskiptavanda og öðrum neikvæðum og meiðandi samskiptum. Leikskólakistan er hjálpartæki starfsfólks Hraunborgar til að þekkja leiðir til að þjálfa félags- og vináttufærni, sjálfstjórn og stuðla að jákvæðri hegðun. Einnig að meta eigin samskipti og leiðir til að vinna með þau.

Dæmi um aðferðir og verkfæri sem eru notuð eru:

- vináttuþjálfun
- jákvæð leiðtogaþjálfun
- samvinnuleikir og samvinnuverkefni
- félagsfærniþjálfun
- hópefli.

Bækur og söngvar eru mikilvæg námsefni þegar hugað er að jafnrétti. Bækur túlka þann tíðaranda sem er ríkjandi þegar þær eru skrifaðar og sama má segja um söngtexta. Starfsmenn gefa sér tíma til að útskýra fyrir börnunum þau viðhorf sem fólk hafði áður fyrr og gefa börnunum skýr skilaboð um það að þau séu öll jöfn, burt séð frá því hver þau eru og hvaðan þau koma.


7.5 Sköpun og menning

„Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Skapandi starf á fyrst og fremst að beinast að ferlinu sjálfu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Gera skal barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Í Hraunborg hafa skapast ýmsar hefðir og hátíðir, sumar í samstarfi við skólana í hverfinu en aðrar einungis á vegum Hraunborgar og foreldrafélags Hraunborgar.

Í leikskólanum hafa börnin aðgang að ákveðnum efnivið s.s. skærum, litum, lími, blöðum, leir og fleiru þar sem þau geta framkvæmt sínar hugmyndir. Einnig bjóðum við þeim að takast á við mismunandi verkefni undir leiðsögn kennara. Við vinnum oft út frá ákveðnum hugmyndum en alltaf er lögð áhersla á sköpunarferlið sjálft en ekki afraksturinn. Mikilvægt er að börnin finni til vellíðunar og gleði og séu óhrædd við að prófa sig áfram með margvíslegan efnivið. Aldur og þroski barna ræður hvaða efniviður og áhöld eru notuð hverju sinni en eftir því sem færni þeirra og hugmyndaflug eykst verða verkefni meira krefjandi. Við berum virðingu fyrir verkum barnanna, gleðjumst yfir þeim og gerum þau sýnileg. Skapandi hugsun er undirstaða allra framfara og er samofið menningu og setur lit á mannlífið.

Helstu þættir í tónlistarsköpun barna í leikskóla eru söngur, hreyfing og hlustun. Börnin syngja saman í samverustundum inn á sinni deild og þau æfa fyrir fram ákveðin lög til að syngja með hinum börnunum í söngstund á sal þar sem allar deildir leikskólans koma saman og syngja.





Tónlist er hluti af hreyfingu í sal og er undirspil í hreyfileikjum, slökun og dansi. Börnin hlusta einnig stundum á tónlist í frjálsum leik og í hvíldarstundum.

7.5.1 Sköpun

Skapandi starf fléttast inn í alla námsþætti leikskólans. Lögð er áhersla á sköpunarferlið sjálft en ekki afraksturinn og að börnin noti sitt eigið hugmyndaflug og skapi á eigin forsendum. Þau hafa meira val um viðfangsefni eftir því sem þau eldast. Sköpun er mikilvæg fyrir undirstöðufærni í lestri, skrift og töluðu máli og má þar meðal annars nefna takt og hrynjanda.

Markmið:	Leiðir:
- að örva sköpunarfærni og sköpunargleði barnanna - að börn geti tjáð tilfinningar sínar og upplifanir í gegnum sköpun - að börn fái tækifæri til að sýna getu sína í verki og styrkja með því sjálfsmyndina - að börnin séu ekki öll sett undir sama hatt og fái tækifæri við hæfi - að efla samstarfsvilja, samstarfshæfni og félagsþroska barna - að æfa söng og hlustun - að veita innsýn í söng- og tónlistarhefðir	- að starfsfólk hafi trú á hæfni barnsins og beri virðingu fyrir vinnu þess - að áhugi og eðlislæg forvitni barna sé nýtt - að skapa gott og afslappað andrúmsloft - að börn kynnist fjölbreyttum efniviði, formum og vinnuaðferðum í sköpun - að börn fái næði til að vinna bæði ein og í hóp - að sungið sé og hlustað á tónlist við hin ýmsu tækifæri - að nota tónlist í hreyfistundum - að gera tilraunir í sköpun

7.5.2 Menning

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Leikskólastarf á hverjum stað mótast af því samfélagi sem börnin lifa í.

Markmið:	Leiðir:
- að börn kynnist nánasta umhverfi sínu - að börn kynnist menningu og listum - að börn kynnist og taki þátt í hátíðum og hefðum í samfélaginu og leikskólanum - að börn beri virðingu fyrir fjölbreytileikanum	- göngu- og vettvangsferðir - heimsóknir í bókasafnið - samstarf við tónlistarskóla - haldið er í íslenskar hefðir - haldið er upp á afmæli barna - útskrift og útskriftarferð elstu barna á vorin - sumarhátíð - þátttaka í barnamenningarhátíð



7.6 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna fjallar um mannréttindi barna og er alþjóðlegt barnvænt sjónarmið okkar tíma. Sáttmálinn viðurkennir það að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og hefur að geyma ýmis grundvallarréttindi. Hann á að tryggja að öllum börnum upp að 18 ára aldri sé veitt sérstök vernd og umönnun.

Í barnasáttmálanum er réttindum barna gróflega skipt í þrjá flokka; vernd, umönnun og þátttöku og er einnig talað um grundvallarreglurnar sem eru fjórar, þ.e. 2., 3., 6. og 12. grein.

Vernd

„Barnasáttmálinn kveður á um vernd tiltekinna grundvallarmannréttinda barna, svo sem réttinn til lífs, friðhelgi fjölskyldu og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar- og trúfrelsis.“

Umönnun

„Barnasáttmálinn leggur þær skyldur á aðildarríkin að grípa til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.“

Þátttaka

„Barnasáttmálinn tryggir börnum rétt til þess að láta í ljós skoðanir sínar á öllum málum sem varðar þau með einum eða öðrum hætti. Taka ber tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.“

6. grein Réttur til lífs og þroska

„Sérhver barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.“

12. grein Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

„Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“

2. grein Jafnræði – bann við mismunun

„Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða athafna foreldra þeirra.“

3. grein Það sem barninu er fyrir bestu

„Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón.“



Leikskólastarfið byggir á grunngildum barnasáttmálans sem eru vernd, umönnun og þátttaka barna. Í Hraunborg eru öll börnin jafn mikilvæg og þau fá að njóta alls þess sem er í boði. Skapaðar eru öruggar leikaðstæður fyrir þau og lögð áhersla á samvinnu allra starfsmanna til að tryggja velferð þeirra og öryggi. Þegar teknar eru ákvarðanir um starfið er hugsað um áhrif þeirra á börnin. Starfsmenn hlusta á börnin og gefa þeim tækifæri til að tjá sig um skoðanir sínar, væntingar læra,



og líðan. Á hverjum degi eru tækifæri fyrir börnin til að hvílast og þroskast í gegnum daglegar athafnir, leik og skemmtun og séð til þess að þeim takist það með hjálp ef þarf. Allir gera mistök, líka börn, þegar slíkt gerist notum við tækifærið til að kenna þeim að læra af þeim. Í hópastarfi fræðast þau um sig sjálf, vináttu, fjölskyldur, umferðarreglur og holla lífshætti. Þar er t.d. talað um nafnið þeirra, mismunandi fjölskyldumynstur, vini, hreyfingu og hollt mataræði. Þegar börnin verða veik eða slasast er hlúð að þeim og passað uppá að þau fá viðeigandi þjónustu og hjálp.

Af heimsíðunni Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna –
www.barnasattmali.is



8 Námsumhverfi og daglegt starf

Námsumhverfi leikskólans byggir á aðstöðu hans inni, úti og nærumhverfi. Áhugi og kunnátta kennara hefur mikil áhrif á hvernig tekst til að virkja umhverfið sem best til að mæta námsþörfum barna og fullorðinna. Námsumhverfið inni er skipulagt þannig að börnin eigi sem oftast kost á því að vera í minni hópum þannig að svigrúm skapist fyrir leik barnanna. Mikilvægt er að leikskilyrði hæfi þroska hvers og eins. Hver deild innan leikskólans hefur tvær leikstofur ásamt einu minna leikherbergi, fataherbergi og salernisaðstöðu. Í leikskólanum er listsköpunaraðstaða þar sem boðið er upp á fjölbreyttan efnivið til margvíslegrar sköpunar. Sérkennsluherbergi er í skólanum þar sem sérkennslu barna er sinnt, einnig er herbergið notað til fundarhalda. Salurinn í leikskólanum er notaður af öllum deildum til hreyfiiðkunar, söng- og samverustunda af ýmsu tagi. Einnig eru í leikskólanum eldhús, þvottahús, kaffistofa og vinnuherbergi starfsmanna og skrifstofa stjórnenda.

Leikskólalóðin er nokkuð stór og hefur mikinn fjölbreytileika sem stuðlar að mörgum tækifærum til náms og þroska. Lóðin er tvískipt þar sem minna svæðið er ætlað yngstu börnunum þar geta þau leikið sér í næði á meðan þau eru að venjast leikskólalífinu. Á stærra svæði lóðarinnar eru sléttir fletir, brekkur-, göngu- og hjólastígar ásamt fjölbreyttum leiktækjum og leikföngum.



Leikurinn er kennslutæki okkar í leikskólanum og á honum grundvallast allt starf skólans. Hann má flokka í fjóra aðalflokka, (skynfæra- og hreyfileik, sköpunar- og byggingaleik, hlutverka- og ímyndunarleik og regluleik) eftir inntaki leikjanna og uppeldis- og menntunargildi þeirra. Margir leikir eru fjölpættir og geta flokkast undir fleiri en einn flokk. Frjáls- og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns, af honum sprettur ný þekking, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær.

Könnunarleikurinn er hluti af námsumhverfi yngstu barnanna okkar en þar fá börnin að leika sér með óhefðbundinn efnivið eins og lykla, dósir, perlufestar, flöskur svo eitthvað sé nefnt. Markmið með könnunarleiknum er að gefa börnunum tækifæri til að auka reynslu sína og virkja áhugahvöt með efnivið sem hvetur þau til að skoða, prófa og kanna eiginleika þeirra. Eftir því sem börnin eldast breytist leikur þeirra, samskiptafærni og leikni þeirra eykst og hlutverk kennarans felst meira í að skipuleggja umhverfið, vera í nánd og fylgjast með leik barnanna.

8.1 Hópastarf

Skipulagt hópastarf er einu sinni á dag fjóra daga vikunnar. Þá vinnur hver hópur með sínum hópstjóra í leik og starfi. Á öllum deildum er unnið með læsi, hreyfingu, félagsfærni, vettvangsferðir stærðfræði og þemu. Viðfangefni í þemavinnunni með öllum börnunum er það sem stendur þeim næst eins og t.d. ég sjálf/ur, fjölskyldan mín, umhverfið og fleira.

8.2 Samverustund/söngstund


Samverustundir dagsins eru þrjár, á morgnana, fyrir hádegisverð og eftir síðdegishressingu. Á morgnana þá notum við tímann og förum yfir sjónrænt dagskipulag með börnunum. Fyrir hádegismatinn þá syngjum við saman og eftir síðdegishressinguna þá lesum við fyrir börnin.



8.3 Kennarinn

Leikskólinn starfar sem ein heild. Starfsemin er samræmd og lögð er áhersla á samvinnu allra í leikskólanum. Kennararnir styðjast við vikuáætlanir í hópastarfi sem skapa fjölbreytt tækifæri til leikja og athafna fyrir barnið. Leikskólinn leggur áherslu á að kennararnir séu alltaf samkvæmir sjálfum sér í öllu starfi og að þeir séu góðar fyrirmyndir barnanna. Kennarinn á alltaf að vera nálægur, sýna börnunum virðingu, hlýju og umhyggju ásamt því að hjálpa til við lausn ágreinings.

8.4 Samstarf við nærumhverfið og opinberar stofnanir





Við höfum verið í góðu samstarfi við Umferðarstofu. Þau senda okkur fræðsluefni sem starfsfólk leikskólans sér svo um að fræða börnin með. Slökkviliðið kemur reglulega í heimsókn og fer yfir brunavarnir í leikskólanum ásamt því að hitta elstu börnin og vera með fræðslu til þeirra. Elstu börnunum hefur verið boðið að kynnst ævintýraheimi leikhúsanna með því að heimsækja Þjóðleikhúsið og Borgarleikhúsið. Við höfum farið á tónleika í boði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í kringum jólin þá heimsækjum við Fella- og Hólakirkju með öll börnin þar sem við kynnumst jólasögunni og endum svo á að fá piparkökur og djús í kirkjunni. Förum reglulega með börnin á bókasafnið í Gerðubergi, bæði í skipulagðar sögustundir og líka til að fá bækur lánaðar til að lesa í leikskólanum. Á hverju ári er haldin Barnamenningarhátíð og tökum við þátt í henni. Við heimsækjum Tónskóla Sigursveins í undirbúningi okkar fyrir opunarhátíðina og fá elstu börnin okkar að fara þangað og kynnst hinum ýmsu hljóðfærum. Mikil ánægja er af okkar hálfu með alla þessa fjölbreyttu samstarfsaðila okkar og okkur hlakkar alltaf jafn mikið til á hverju ári að fá þá í heimsókn eða við að heimsækja þá.





9 Fjölskyldan og leikskólinn

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og annast kennslu barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, leikskólinn er viðbót og stuðningur við uppeldi þeirra en kemur ekki í stað foreldrana. Mikilvægt er að samskipti og samstarf foreldra og starfsfólks leikskólans byggist á gagnkvæmu trausti. Í Hraunborg er lögð áhersla á jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna og eru aðstandendur hvattir til þátttöku í viðburðum á vegum leikskólans. Dagleg samskipti eru undirstaða foreldrasamstarfs og mikilvægt er að tengjast barni og foreldrum með því að heilsa barni og bjóða góðan dag. Áhersla er lögð á að tengja starfið í leikskólanum við umhverfi barnsins utan hans.

Að byrja í leikskóla er stór þáttur í lífi barns og foreldra og góð aðlögun er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum. Því er mikilvægt að góð samvinna og traust skapist strax í upphafi milli foreldra og starfsfólks. Aðlögunin er skipulögð af deildarstjórum í samráði við foreldra.

Áður en aðlögun hefst boðar leikskólastjóri foreldra á kynningarfund í leikskólanum. Farið er yfir gögn sem snúa að væntanlegri dvöl barnsins. Í upphafi þarf að gefa barninu góðan tíma til að aðlagast. Í aðlögun barnanna er unnið út frá viðmiðunarramma þar sem gert er ráð fyrir að aðlögunin taki u.þ.b. fjóra til sex virka daga. Þessi rammi er eingöngu til viðmiðunar og skoðast út frá þörfum hvers barns.

Formleg og óformleg samskipti

- dagleg samskipti starfsfólks og foreldra
- starfsfólk býður góðan dag og kveður í lok dags
- skráning úr hópastarfi og leik barnsins sem foreldrar hafa aðgang að
- foreldrakynning í upphafi leikskóladvalar
- kynningarfundur á deildarstarfi
- foreldraviðtöl tvisvar á ári
- tölvusamskipti
- veggtafla þar sem skráðar eru upplýsingar um starf dagsins
- opið hús
- foreldra – og afa- og ömmukaffi
- sumarhátíð
- foreldrafélag



9.1 Foreldraráð

Í leikskólanum er starfandi foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008. Foreldraráð er kosið að hausti. Í ráðinu eru a.m.k. þrír fulltrúar foreldra og frá leikskólanum eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Hlutverk foreldraráðsins er að gefa umsögn um drög að starfsáætlun og á sama hátt að koma að mati á vetrarstarfinu. Ráðið fundar tvisvar til þrisvar á ári. Þessi vettvangur er góð leið til að ræða um ýmis mál er varðar starfsemi leikskólans.

9.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur verið starfandi frá upphafi leikskólans. Stjórnin er skipuð tveim fulltrúum frá hverri deild og einum fulltrúa frá leikskólanum. Tilgangur foreldrafélagsins er að efla tengsl barna og foreldra utan hefðbundins leikskólatíma. Starf félagsins byggist á velvilja og áhuga foreldra. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í foreldraráði og/eða foreldrafélagi leikskólans.





10 Tengsl skólastiga

Hólabrekkuskóli er okkar hverfissskóli. Í samstarfi okkar er stuðlað að samfelli í uppeldi og menntun barnanna og að börnin skynji grunnskólann sem áframhald af leikskólanum. Leik- og grunnskólakennarar hittast til að skipuleggja samstarfið og ákveða heimsóknir vetrarins sem eru þrjár frá leikskólanum og ein í samvinnu við foreldra. Einnig eru tvær heimsóknir 1. bekkjar til okkar og heimsókn frá börnum á miðstigi sem koma á degi íslenskrar tungu og lesa fyrir börnin.

Elstu börnunum okkar er boðið í heimsókn til að skoða skólann, þau sitja í kennslustund þar sem þau vinna verkefni sem kennari leggur fyrir þau. Einnig heimsækja þau Álfheima og fá kynningu á því frístundastarfi sem fram fer þar og leika sér. Einnig fara þau í heimsókn í íþróttahúsið við Austurberg þar sem þau fá að taka þátt í íþróttatíma með 1. bekk. Heimsóknin sem foreldrar fara í með börnunum, er tvíþætt. Annars vegar er kennslustund þar sem eingöngu eru væntanlegir nemendur skólans og hins vegar fræðslufundur fyrir foreldra sem fram fer á sama tíma þar sem foreldrar fá kynningu á skólanum og starfsemi hans. Á vorin er sameiginlegur fundur grunn- og leikskólakennara þar sem skil milli skólastiga fara fram.

11 Sérfræðipjónusta

Unnið er út frá hugmyndum um nám án aðgreiningar en í því felst að allir hafi sama rétt og sömu tækifæri í barnahópnum og að margbreytileikinn fái að njóta sín. Komið er til móts við börn með mismunandi þarfir og börn frá mismunandi menningarheimum þannig að þau geti þroskast á eigin forsendum og notið leikskólavaldarinnar og fengið verkefni og kennslu við hæfi. Öll börn í leikskólanum fá tækifæri til að njóta sín og lögð er áhersla á að styðja við og styrkja hæfileika og getu hvers og eins.

Börn með fötlun og börn með frávík fá sérkennslu samkvæmt lögum og er meginreglan sú að sérkennslan fari fram í barnahópnum en einnig er unnið með barn einstaklingslega ef þörf þykir. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir börn með frávík og er hún unnin í samvinnu við foreldra þar sem áherslupættir fyrir viðkomandi barn eru ákveðnir og unnið er út frá þeim. Áhersla er á að koma til móts við þarfir barna af erlendum uppruna þannig að þau öðlist öryggi og vellíðan í leikskólanum.

Árið 2022 voru sett lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021). Markmið laganna er að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu og tengilið farsældar. Samþætting þjónustu á að tryggja að mismunandi stofnanir vinni saman að því að veita börnum og foreldrum heildstæða, samfellda og skilvirka þjónustu. Hér er átt við samvinnu á milli skóla, heilbrigðiskerfis, félagsþjónustu og annarra aðila sem koma að velferð barna. Með samþættri þjónustu er unnið að því að styrkja velferð barna, bæði líkamlega, andlega og félagslega. Tengiliður leikskólans, sérkennslustjórinn, styður við farsæld barna og foreldra. Tengiliður bregst við og metur þörf fyrir þjónustu á skilvirkan hátt með snemmtækri íhlutun.

Leikskólinn er oft fyrsta stofnunin sem börn og foreldrar hafa reglulegt samband við utan heimilis og því mikilvægt að þjónustan nái til allra þarfa barnsins. Samþætting þjónustu í leikskólum snýst um að ólíkar fagstéttir og stofnanir vinna saman við að styðja við ólíkar þarfir barna. Ef það vakna áhyggjur hjá foreldrum eða deildarstjóra er hægt að óska eftir aðkomu lausnateymis. Sérkennslustjórinn og deildarstjórar vinna þá í samstarfi við sálfræðinga, talmeinafræðinga, félagsráðgjafa og hegðunarráðgjafa að því að veita barni viðeigandi þjónustu



og inngrip. Þannig er bættur aðgangur að sérfræðipjónustu innan veggja leikskólans og barn fær þjónustu mun fyrr en ella. Með góðri lausnateymisvinnu og góðu samstarfi milli foreldra og leikskóla er hægt að bregðast hratt og vel við ólíkum áskorunum sem geta komið upp.

12 Mat á leikskólastarfi, námi og velferð barna

Mat skal gert með hliðsjón af lögum, reglugerð og Aðalnámskrá leikskóla 2011. Mati á leikskólastarfi er skipt í ytra mat og innra mat/ sjálfsmat. Við mat á skólastarfi á að skoða hvernig grunnþættirnir setja mark sitt á leik og nám og skólastarfið í heild.

12.1 Ytra mat

Ytra mat á skólastarfi er unnið á vegum utanaðkomandi aðila eins og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar eða Námsmatsstofnunar. Reglulega eru lagðar fyrir starfsmenn kannanir til að meta starfsumhverfi þeirra og jafnframt eru viðhorfsskannanir lagðar reglulega fyrir foreldra. Niðurstöðum slíks mats er jafnan skilað til leikskólans og heildarniðurstöður birtar á heimasíðum matsaðila. Leikskólastjóri kynnir síðan helstu niðurstöður.

12.2 Innra mat/ sjálfsmat

Innra mat/ sjálfsmat er framkvæmt af starfsmönnum, foreldrum og börnum leikskólans og er leið til að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Innra matið er í stöðugri þróun og markmiðið er að það festist í sessi. Í formlegu mati kennara er stuðst við Viðmið og vísbendingar fyrir innra mat á gæðum leikskólastarfs, Þemahefti um námsmat í leikskólum og gátlista sem fylgir Menntastefnu Reykjavíkurborgar sem gildir til 2030. Í þeim eru viðmið um alla þætti starfsins og vísbendingar sem gefa til kynna að unnið sé með viðkomandi þætti. Þetta auðveldar okkur að meta okkar stöðu og gera úrbætur út frá niðurstöðunum.

Við notum að auki spurningakannanir, samræður og skráningar t.d. starfsmannasamtöl þar sem allir starfsmenn leikskólans hafa tækifæri til að meta sitt starf og leikskólans í samræðum við leikskólastjóra, á skipulagsdögum, á deildarfundum, á deildarstjórafundum og í foreldraviðtölum. Einnig notum við ýmsar skráningar t.d. í hópastarfi þar sem skráð er hvað þau gera, samskipti barnanna og frásagnir þeirra. Sýnilegar skráningar hvort sem er teikningar, ljósmyndir eða skriflegar auðvelda einnig foreldrum að meta starf leikskólans. Börnin koma að mati leikskólastarfsins, þau meta ýmsa afmarkaða þætti starfsins og einnig hvernig þeim líkar maturinn sem er í boði með því að nota broskalla. Allir foreldrar barna sem eru að verða 2ja ára fá sendan heim Smábarnalistann og foreldrar barna sem eru að verða 4ra ára fá sendan heim Íslenska þroskalistann.



12.2.1 Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028	2028 - 2029
Stjórnun				
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi	X	X	x	x
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x			
Faglegt samstarf		x		
Leikskólaþróun og starfsþróun		x		
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	x		x	
Námssvið leikskólans		x		x
Leikskóli án aðgreiningar	x		x	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x	x		
Fagmennska starfsfólks	x	x		
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x



Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	x	x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd	x		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur			x	x



12.2.2 Mat á námi og velferð barna

Í aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars: „Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á, hvað þau vita, geta og skilja. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á þar af leiðandi að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn.“

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- leysa úr ágreiningi við jafningja á friðsaman hátt
- vinna úr reynslu sinni í leik og skapandi starfi
- tjá sig með fjölbreyttum hætti (líkamalega, munnlega og í skapandi starfi)
- leita eftir merkingu orða og orðasambanda, ríma og átta sig á hljóðum stafa
- njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri
- ræða málefni og hlusta á aðra
- nálgast upplýsingar með ólíkum leiðum og móta sér hugmyndir um þær
- velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og menningu annarra þjóða.

Úr Þemahefti um námsmat í leikskólum

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- njóta þess að taka þátt í skapandi ferli
- finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti
- kanna og vinna með margvíslegan efnivið
- nýta fjölbreytta tækni
- njóta bókmennta, þula, söngs og ævintýra
- læra texta og taka þátt í söng
- skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- njóta fjölbreyttra menningar og lista
- taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- sýna umhyggju
- sjá um persónulega umhirðu
- þekkja holla næringu
- stunda fjölbreytta hreyfingu
- stunda ögrandi og krefjandi útivist
- stunda slökun og hvíld
- sýna tilfinningalegt jafnvægi

Þegar barn lýkur leikskóladvöl á það að hafa fengið tækifæri til að:

- velta vöngum yfir umgengni sinni og bera virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi
- átta sig gá því hvernig vistspor þeirra og nærsamfélagsins getur stuðlað að sjálfbærri þróun
- skilja hringrásir og ýmis fyrirbær í náttúrunni
- átta sig á margvíslegum auðlindum náttúrunnar
- velta vöngum yfir nýtingu náttúrunnar
- vinna með upplýsingamiðlun, framsetningu og gildi upplýsinga
- vinna með stærðfræðileg viðfangsefni, s.s. tölur, tákni og mynstur
- vinna með lífverur í umhverfinu og lífshætti þeirra
- vinna með eðli ýmissa krafta og birtingamyndir þeirra í umhverfinu
- skoða eiginleika ýmissa efna og hluta
- velta vöngum yfir möguleikum og takmörkunum tækninnar

Úr Þemahefti um námsmat í leikskólum



Leikskólakennarar leggja mat á stöðu hvers barns í leikskólanum t.d. með skráningum á hreyfiproska og samskiptahæfni. Auk þessa nýtir leikskólinn sér stöðluð matstæki s.s. Smábarnalistann sem er lagður fyrir börn á þriðja aldursári, listinn byggir á mati mæðra og Íslenska þroskalistann sem lagður er fyrir börn sem eru á fjórða aldursári, listinn byggir á mati foreldra á þroska barnsins. Einnig leggjum við EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári og Hljóm-2 fyrir börn á sjötta aldursári. Matstækin eru þó aldrei notuð nema með samþykki foreldra. Einstaklingsnámskrá er unnin með þeim börnum sem þurfa sérstakan stuðning og styðjumst við þá við AEPS listann. Niðurstöður eru lagðar til grundvallar í foreldraviðtölum og á þeim byggir áframhaldandi vinna með börnin.



13 Lokaorð

Skólanámskrá á að vera lifandi rit í stöðugri þróun og þess vegna var ráðist í þá endurskoðun sem nú kemur út. Að lokum skal bent á að leikskólinn gerir starfsáætlun fyrir hvert skólaár. Þar er fjallað um starfsemi skólans, skóladagatal og ýmsar hagnýtar upplýsingar, ásamt innra og ytra mati og umbótaáætlun út frá því.

Höfum það í huga að í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild. Börnunum er sýnd virðing og umhyggja og þau fá hvatningu og viðfangsefni við hæfi. Litið er á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.





14 Helstu stuðningsritin við gerð skólanámskrár Hraunborgar

- Aðalnámskrá leikskóla., 2011, Mennta – og menningarmálaráðuneyti .
https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, lögfestur hér á landi 2013, www.barnasattmali.is
- Jákvæður agi, eftir Alfred Adler, Rudolf Dreikurs, William Glasser, Jane Nelsen o.fl.
<https://www.krummafotur.is/static/files/Ymislegt/handbok.pdf>
- Látum draumana rætast, Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030, 2019,
www.menntastefna.is
- Lesið í leik læsisstefna leikskóla, 2013,
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf
- Lög um leikskóla 2008,
[90/2008: Lög um leikskóla | Lög | Alþingi](http://90/2008:Lög%20um%20leikskóla%20-%20Lög%20Alþingi)
- Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs, Skóla – og frístundasvið, 2015,
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/1_vidmid_og_visbendingar_2_prentun.pdf
- Handbók um leik barna í leikskólum
[Handbók um leik barna í leikskólum – Miðja máls og læsis](http://Handbók%20um%20leik%20barna%20í%20leikskólum%20-%20Miðja%20máls%20og%20læsis)